

Betri samgöngur ohf.

Ársreikningur 2022



**BETRI
SAMGÖNGUR**

Betri samgöngur ohf.
Grandagarði 16
101 Reykjavík

Kt. 671020-0300

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun ríkisendurskoðanda	4
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10
Yfirlit yfir framlög og fjárfestingar samkvæmt samgöngusáttmálanum	13

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. á innviðum almenningsamgangna, í samstarfi við Vegagerðina og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við samkomulag ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 26. september 2019.

Samkomulagið gengur undir heitinu Samgöngusáttmáli. Félagið hefur yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra. Framlög frá hluthöfum innan hvers árs skulu greidd til félagsins í samræmi við áætlun sem stjórn leggur fram og samþykkir, enda sé það í samræmi í samþykktir fjárlaga og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

Þegar framkvæmdum vegna einstakra verkefna er lokið verða vegamannvirki afhent ríki eða því sveitarfélagi sem ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi þeirra í samræmi við ákvæði gildandi laga hverju sinni og samkomulag milli aðila samkvæmt Samgöngusáttmála. Hagnaði, ef einhver er, skal einungis varið í samræmi við markmið Samgöngusáttmálans. Félaginu er ekki ætlað að skila arði og er hluthöfum óheimilt að taka arð út úr félaginu.

Allur kostnaður sem féll til á árinu 2022 vegna framkvæmda er eignfærður undir verk í vinnslu. Stjórn vísar í ársreikning um breytingar á eigin fé og ráðstöfun afkomu.

Eigið fé félagsins í árslok nam 15.004 millj. kr. (2021: 4,0 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 15.004,0 millj. kr.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var þrír (2021: þrír).

Hluthafar í árslok voru sjö líkt og í ársbyrjun. Í árslok 2022 var hlutafé í eigu eftirtalinna aðila:

	Eignarhluti
Ríkissjóður Íslands	99,9933%
Reykjavíkurborg	0,0038%
Kópavogsbær	0,0011%
Hafnafjarðarkaupstaður	0,0009%
Garðabær	0,0005%
Mosfellsbær	0,0003%
Seltjarnarnesbær	0,0001%

Stjórn og framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, / 2023.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun ríkisendurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Betri samgangna ohf.

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.

Ríkisendurskoðun, 31. mars 2023

Guðmundur B. Helgason
ríkisendurskoðandi

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Betri samgöngum ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Betri samgangna ohf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma efnahagsreikning og sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Betri samgangna ohf. 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022 í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Betri samgöngum ohf. og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur endurskoðenda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Betri samgangna ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafa ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá reglum innra eftirlits.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins (framhald)

- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 31. mars 2023

Birgir Finnbogason
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	7	91.745.472	80.410.764
Annar umsýslu- og framkvæmdakostnaður	8	74.197.530	55.680.166
		<u>165.943.002</u>	<u>136.090.930</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		134.559.104	233.295
Gangvirðisbreyting eignarhluta	(5.153.898)	5.134.382
Vaxtagjöld	(112.270)	(103.808)
		<u>129.292.936</u>	<u>5.263.869</u>
Samtals rekstrargjöld að teknu tilliti til fjármagnsliða	(36.650.066)	(130.827.061)
Eignfærður kostnaður		<u>36.650.066</u>	<u>130.827.061</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>0</u>	<u>0</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	15.074.848.833	33.804.462
Fastafjármunir		<u>15.074.848.833</u>	<u>33.804.462</u>
Samgöngumannvirki á framkvæmdastigi	10	3.321.044.543	1.513.354.727
Kröfur á tengda aðila, ógreidd framlög vegna samgöngusáttmála		268.534.884	459.810.659
Aðrar skammtímakröfur		29.623.795	51.337
Fyrirframgreiddur kostnaður	5	414.268.224	315.062.137
Handbært fé	6	2.468.730.388	2.253.012.443
Veltufjármunir		<u>6.502.201.834</u>	<u>4.541.291.303</u>
Eignir samtals		<u>21.577.050.667</u>	<u>4.575.095.765</u>
Eigið fé			
Hlutafé	11	15.004.000.000	4.000.000
Eigið fé	12	<u>15.004.000.000</u>	<u>4.000.000</u>
Skuldir			
Skuld við tengda aðila vegna verkefna samgöngusáttmála	14	6.564.426.467	4.567.148.212
Viðskiptaskuldir		3.154.208	866.999
Aðrar skammtímaskuldir		5.469.992	3.080.554
		<u>6.573.050.667</u>	<u>4.571.095.765</u>
Skuldir samtals		<u>6.573.050.667</u>	<u>4.571.095.765</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>21.577.050.667</u>	<u>4.575.095.765</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		0	0
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Veltufé frá rekstri		0	0
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun	(29.572.458)	(51.337)	
Skammtímaskuldir, hækkun	4.676.647	3.781.052	
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(24.895.811)	3.729.715	
Handbært fé (til) frá rekstri	(24.895.811)	3.729.715	
Fjárfestingahreyfingar			
Samgöngumannvirki á framkvæmdastigi, hækkun	(1.807.689.816)	(1.512.470.421)	
Eignfærður þróunarkostnaður Keldnlands	(41.044.371)	(33.804.462)	
Fyrirframgreiddur kostnaður vegna framkvæmda, breyting	(99.206.087)	(315.062.137)	
Fjárfestingahreyfingar	(1.947.940.274)	(1.861.337.020)	
Fjármögnunarhreyfingar			
Kröfur á tengda aðila, breyting	191.275.775	(459.810.659)	
Greiðslur frá aðilum samgöngusáttmálans	1.997.278.255	4.567.148.212	
Fjármögnunarhreyfingar	2.188.554.030	4.107.337.553	
Hækkun á handbæru fé	215.717.945	2.249.730.248	
Handbært fé í ársbyrjun	2.253.012.443	3.282.195	
Handbært fé í árslok	2.468.730.388	2.253.012.443	
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa:			
Hækkun hlutafjár	15.000.000.000	0	
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(15.000.000.000)	0	

Skýringar

1. Félagið

Betri samgöngur ohf. („Félagið“) er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 81/2020 um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. Lögheimili þess að Grandagarði 16 í Reykjavík.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegur rekstrarfjármunur félagsins eru tvær landspildur að Keldum og Keldnaholti í Reykjavík. Lóðir og land eru ekki afskrifaðar í ársreikningi.

4. Framkvæmdakostnaður

Megin tilgangur félagsins er að annast uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við Samgöngusáttmálann og ráðstafa þeim til eigenda. Félagið hefur ekki tekjur af starfsemi sinni og telst því allur kostnaður vegna umsýslu þess og yfirstjórn til framkvæmdakostnaðar.

Í árslok 2022 er allur kostnaður vegna stofnunar og starfsemi félagsins á árinu færður til eignar í efnahagsreikningi en kostnaðinum verður síðar deilt út á einstaka mannvirki samkvæmt reiknilíkani.

Hafin var vinna hjá Vegagerðinni við hluta af framkvæmdum sem falla undir Samgöngusáttmálann á árunum 2019 og 2020 og mun kostnaður vegna þeirra færast yfir til félagsins og síðan eigenda. Eignirnar eru færðar á gangvirði til félagsins sem er það sama og bókfært kostnaðarverð þeirra hjá Vegagerðinni.

5. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður samanstendur af eftirfarandi:

	2022	2021
Flýti- og umferðagjöld eignfærður kostnaður	26.029.811	0
Fyrirframgreiðsla vegna framkvæmda	388.238.413	315.062.137
Samtals fyrirframgreiddur kostnaður	414.268.224	315.062.137

Samkvæmt samgöngusáttmálanum er félaginu ætlað að annast innheimtu flýti- og umferðargjalda á höfuðborgarsvæðinu, verði ákveðið með lögum að leggja slík gjöld á. Kostnaðurinn sem til hefur fallið er einkum aðkeypt þjónusta innlendra og erlendra ráðgjafa og launakostnaður við mótun tillagna um gjöldin.

6. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

Skýringar

7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun	74.128.238	65.594.479
Bifreiðastyrkur	1.561.905	1.021.916
Mótframlag í lífeyrissjóð	10.007.312	8.855.255
Önnur launatengd gjöld	6.048.017	4.939.114
Eignfærð laun og launatengd gjöld	(91.745.472)	(80.410.764)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>0</u>	<u>0</u>
Ársverk	3	3

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu nam 38,2 millj. kr. (2021: 39,5 millj. kr.)

8. Annar umsýslu- og framkvæmdakostnaður

Annar umsýslu- og framkvæmdakostnaður í rekstrarreikningi greinast þannig	2022	2021
Aðkeypt þjónusta	60.388.704	41.494.167
Húsnæðiskostnaður	3.895.654	3.383.706
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9.913.172	10.802.293
	<u>74.197.530</u>	<u>55.680.166</u>

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Land
Þróunarkostnaður vegna Keldnalands eignfærður	33.804.462
Heildarverð 31.12.2021	<u>33.804.462</u>
Land að Keldum og Keldnaholti í Reykjavík	15.000.000.000
Þróunarkostnaður vegna Keldnalands eignfærður	<u>41.044.371</u>
Heildarverð 31.12.2022	<u>15.074.848.833</u>
Bókfært verð 31.12.2022	<u>15.074.848.833</u>
Afskriftahlutföll	0%

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins eru tvær landspildur að Keldum og Keldnaholti í Reykjavík. Lóðir og land eru ekki afskrifaðar í ársreikningi.

Skýringar

10. Verk í vinnslu

Verk í vinnslu og þróunarkostnaður félagsins greinast þannig í árslok:	2022	2021
Undirbúnings- og stofnkostnaður	67.982.789	97.906.905
Framkvæmdir í vinnslu hjá Vegagerðinni*	3.253.061.754	1.415.447.822
	<u>3.321.044.543</u>	<u>1.513.354.727</u>

* Sjá yfirlit á blaðsíðu 13 yfir framkvæmdir í vinnslu hjá Vegagerðinni

11. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 15.004 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut. Allt hlutfé félagsins er að fullu greitt.

12. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021	4.000.000	4.000.000
Eigið fé 31.12.2021	4.000.000	4.000.000
Innborgað hlutfé	15.000.000.000	15.000.000.000
Eigið fé 31.12.2022	<u>15.004.000.000</u>	<u>15.004.000.000</u>

13. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Vísað er í skýringar 13 og 14 varðandi frekari upplýsingar um viðskipti við tengda aðila.

14. Skuldir við aðila Samgöngusáttmálans

	2022
Ríkissjóður	4.652.399.203
Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu	1.912.027.264
	<u>6.564.426.467</u>

Yfirlit yfir framlög og fjárfestingar samkvæmt samgöngusáttmálanum

Yfirlit yfir framlög og fjárfestingar samkvæmt Samgöngusáttmálanum

Framlög frá hluthöfum innan hvers árs skulu greidd til félagsins í samræmi við áætlun sem stjórn leggur fram og samþykkir, enda sé það í samræmi í samþykktir fjárlaga og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

Framlög til verkefna Samgöngusáttmálans greinast þannig:

	2019	2020	2021	2022	Samtals
Framlög					
Ríkissjóður	2.000.000.000	2.079.883.721	2.188.953.488	2.294.767.442	8.563.604.651
Sveitarfélög	1.000.000.000	1.039.941.860	1.094.476.744	1.147.383.721	4.281.802.325
Ríkissjóður viðbótarframlag	400.000.000	1.000.000.000	300.000.000	0	1.700.000.000
	<u>3.400.000.000</u>	<u>4.119.825.581</u>	<u>3.583.430.232</u>	<u>3.442.151.163</u>	<u>14.545.406.976</u>
Framkvæmdir					
Stofnvegir	858.007.384	3.417.092.691	312.341.734	763.135.642	5.350.577.451
Borgarlína	86.430.000	464.565.848	494.260.886	1.451.244.464	2.496.501.198
Hjólástígar, göngustígar og undirgöng	198.643.497	426.963.273	819.968.842	699.453.639	2.145.029.251
Öryggi og flæði	262.691.305	253.481.468	348.710.520	224.170.953	1.089.054.246
Greiðslur samtals	<u>1.405.772.186</u>	<u>4.562.103.280</u>	<u>1.975.281.982</u>	<u>3.138.004.698</u>	<u>11.081.162.146</u>
Verkefnum lokið og færð til Betri samgangna ohf.					7.838.235.740
Verk á framkvæmdastigi í árslok					3.253.061.754

Árleg framlög samkvæmt Samgöngusáttmálanum taka breytingum með sama hætti og sambærileg verkefni eru færð til nýs verðlags í samgönguáætlun.

Yfirlit um framkvæmdir byggja á upplýsingum Vegagerðarinnar sem er framkvæmdaaðili einstakra verkefna Samgöngusáttmálans.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar var búið að gera skuldbindandi samninga vegna verkefna Samgöngusáttmálans í árslok 2022 og ekki eru komin til fullra framkvæmda fyrir um 850 millj.kr.

Undirritunarsíða

framkvæmdastjóri
Davíð Þorláksson

stjórnarformaður
Árni Matthías Mathiesen

stjórnarmaður
Eyjólfur Árni Rafnsson

stjórnarmaður
Guðrún Ögmundsdóttir

stjórnarmaður
Gunnar Einarsson

stjórnarmaður
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

stjórnarmaður
Ólöf Örvarsdóttir

endurskoðandi
Birgir Finnbogason

ríkisendurskoðandi
Guðmundur Björgvin Helgason